

# Stórbrotin náttúra

## Spectacular nature

Bærinn Horn stendur í faðmi mikilla fjalla. Eins og sjá má er litadýrðin í berginu mikil, dýralífið fjölskrúðugt og undraheimur hverjum þeim sem heimsækja Horn. Bærinn stendur undir Húsadalstindi (675 m) en við Hornsvík stöndum við í skjóli Kambhorns sem rís 454 metra, gabbró standberg. Gabbró er basískt djúpberg sem myndast við hæga kristöllun djúpt í jörðu.

*The farm Horn lies beneath magnificent mountains. The colorful strokes in the rocks and the rich wildlife at Horn, is a wonder to everyone that comes there. The farm is located under Húsadalstindi, a peak of 675 meters, but by Hafnarvík we are sheltered by Kambhorn, a peak of 454 meters which is made of gabbró palisades. Gabbró is an alkaline plutonic rock which forms deep in the ground by slow crystallization.*



Sæbjörg á strandstað 1984

Héraðsskjalasafn A. Skaft.



### Svartur sandurinn

Að ganga fyrir Horn er ein vinsælasta gönguleiðin á þessu svæði. Hornsmenn sóttu kaupstað á Papós þegar hann var þar og fóru þá ýmist fyrir Horn eða yfir Kex sem er önnur gönguleið milli Horns og Lóns en mun erfiðari yfirferðar en styttri en gönguleiðin fyrir Horn.

### The black sand

*To walk around the Corner (Horn) is one of the most popular hiking trail around this area. Occupants of Horn used to go to the nearest marketplace which was at Papós and to go there they either went around Horn or over Kex which is another trail between the farm of Horn and the Lón area, but to go over Kex is more difficult but shorter than around Horn.*

### Þjóðsögur – Kolbeinshellir

Í björgunum hér fyrir ofan er Kolbeinshellir, sem áður fyrr var notaður sem fjárskjól og tók hann 40-50 fjár. Kolbeinn var, samkvæmt þjóðsögu, norðlenskur óbótamaður sem réri frá Hornshöfn. Hafðist hann við í hellinum og var veginn þar af skipspélögum sínum. Hann var fyrst dysjaður í Miðsker í Skarðsfirði, síðan í Dys undir Almannaskarði, en lá hvergi kyrr. Endaði hann í Bjarnaneskirkjugarði að hálfu utangarðs og er þar Kolbeinsleiði.

### Folktales – Kolbeinshellir (Kolbeinscave)

*Kolbeinshellir is a cave which is located in the cliffs here, and earlier the cave used as sheep shelter and could shelter about 40-50 sheeps. According to legend, Kolbeinn was a criminal from up north that fished from Hornshöfn. He lived in this cave and was killed there by his shipmates. First he was buried at Miðsker in Skarðsfjörður, then at Dys by Almannaskarð, but he could not rest in peace. He ended up being buried half in and half out of the cemetery in Bjarnaneskirkja and is his grave called Kolbeinsgrave.*

### Ströndin

Margir skipsskaðar hafa orðið á þessu svæði. Síðasta strandið var þegar fiskiskipið Sæbjörg VE 56 strandaði hér í vikinni 17. desember 1984. Mannbjörg varð en skipið liðaðist hægt og hljótt í sundur. Menn sóttu það sem nýtilegt var en annað hefur náttúran séð um. Fá merki sjást eftir þetta strand sem sýnir okkur hversu miklir kraftar búa hér þar sem Atlantshafið brýtur á svörtum ströndum Horns.

Árið 1873 fórust fjórar franskar skútur á Hornsfjörum. Bændurnir á Horni náðu að bjarga af áhöfn einnar skútunnar 31 manni. Hýstu þeir mennina um veturinn og hlutu að launum frá franska ríkinu, heiðursmerki úr gulli, ýmsar nauðsynjar, smíðaverkfæri og bát.



„Eins dauði er annars brauð“, segir gamalt íslenskt máltæki og hér á fjörunum við Horn hefur það reynst hverju orði sannara. Skipsskaðar færðu mönnum marga björg í bú þar sem ýmsu nýtilegu

skolaði á land á fjörunum. Menn töluðu um „gott strand“ og átti það við þegar miklum verðmætum skolaði á land.

### The beach

There have been many shipwrecks in this area. The last one was when the fishing vessel Sæbjörg VE56 stranded here in the cove 17th December 1984. All the men were rescued but the ship slowly broke apart. All usable things were gathered from the ship and the remains left to nature. The lack of visual traces of that wreck manifests the magic that lives in the Atlantic Ocean when it rushes a shore here on the black sandy beaches of Horn.

Four French vessels were shipwrecked at the beaches of Horn. The farmers at Horn managed to rescue one of those crews, 31 men. They lodged the crew for the winter and for that they were awarded with a boat, tools and other necessary items from

French authorities.

There is an old Icelandic saying: “One man’s death is another man’s gain” and it has a lot of truth to it here on these black beaches of Horn. A ship wreck could mean that a lot of useful things would be washed ashore. When a lot of valuables washed up, men would say that it was a “good wreck”.

